

Brjef stjórnarráðsins til biskups um skyldur presta þà er 102
embættismenn kvongast. 29. okt.

Stjórnarráðið skal hjermeð mælast til þess, að þjer, háæruv. herra, brýnið fyrir öllum prestum á landinu, að þeir megi ekki gífta embættismenn, sem hafa konungsveitingu fyrir embættum sínum, fyr en þeir með vottorði frá stjórnarráðinu hafi sannað, að þeir sjeu undanþegnir þeirri skyldu, að sjá ekkju sinni borgið með fjárstyrk eftir sinn dag, eða þeir hafi sannað, að þeir hafi sent stjórnarráðinu beiðni um að gjöra ráðstafanir um lögboðna ekkju-framfærslu. Alls hins sama eiga prestar að gæta, þegar þeir gífta presta, sem eru skyldir til að kaupa ekkjum sínum lífeyri eftir lögum nr. 49, 16. nóv. 1907, og varðar við lög ef útaf því er brugðið.

Þegar prestar, sem áður eru kvongaðir, komast undir hin tilvitnuðu lög, og verða skyldir til að kaupa ekkjum sínum lífeyri, þá þarf stjórnarráðið að fá tilkynningu frá biskupi um það, til þess að geta gjört nauðsynlegar ráðstafanir, til þess að presturinn tryggi ekkju sinni lífeyri.

Brjef stjórnarráðsins til biskups um að skylduiðgjöldum presta
til líffjárstofnunar ríkisins verði haldið eftir af launum þeirra. 103

Stjórnarráðið hefir í dag skrifað gjaldkera prestlaunasjóðsins, sem jafn- 29. okt.
 framt er gjaldkeri landssjóðs, á þessa leið:

»Eftir að hafa fengið álit biskupsins um það, hvernig haga skuli innheimt-
 unni á iðgjöldum presta til lífsábyrgðarstofnunar ríkisins, sem landssjóði er skylt
 að greiða fyrirfram erlendis, leggur stjórnarráðið fyrir yður, herra gjaldkeri, að
 halda iðgjöldunum inni af launum hlutaðeigandi prests, alstaðar þar sem því
 verður komið við, eða þar sem presturinn á að fá laun úr prestlaunasjóði, og að
 senda hlutaðeigandi prófasti kvittun fyrir upphæðinni, sem þjer hafið haldið eftir,
 til þess að hann geti afhent prestinum kvittun yðar sem greiðslu upp í launin.
 Peningana, sem þjer haldið eftir, greiðið þjer í landssjóðinn áleiðis til lífsábyrgðar-
 stofnunar ríkisins.»

Þetta er hjermeð, háæruverðugi herra, gefið yður til vitundar.

Brjef stjórnarráðsins til póstmeistarans um stofnun pósta- 104
greiðslna í Hafnarfirði, á Siglufirði og í Vík í Mýrdal. 12. nóv.

Samkvæmt tillögum yðar, herra póstmeistari, hefir stjórnarráðið ákveðið,
 að stofna póstafrageiðslur í Hafnarfirði, á Siglufirði og í Vík í Mýrdal.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari ráð-
 stafana, að því viðbættu, að stjórnarráðið hefir auglýst póstafrageiðslumannasýsl-
 anirnar á nefndum stöðum lausar.